



Alþingi
Erindi nr. P 126/2060
komudagur 25.4.2001

Samtök banka og verðbréfafyrirtækja
Bankers' and Securities Dealers' Association of Iceland

Reykjavík, 24. apríl 2001

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frv. til l. um Seðlabanka Íslands (675. mál)

Vísað er í bréf nefndarinnar dags. 10. apríl sl. þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint stjórnarfrumvarp.

Samtök banka og verðbréfafyrirtækja hafa ekki athugasemdir við frumvarpið að því undanskildu að draga má í efa nauðsyn þess að lögfesta sérstaka heimild fyrir Seðlabankann til að annast frumsölu og innlausn verðbréfa sem ríkissjóður hefur gefið út, sbr. lokamálsliður 2. mgr. 17. gr. Stefnan undanfarin misseri hefur verið í þá átt að fela markaðsfyrirtækjunum þetta hlutverk og því skýtur skökku við að í ný lög um Seðlabankann eigi að setja ákvæði um að Seðlabankinn geti haft með þetta að gera.

Þá vilja samtökin benda á að samhliða lögfestingu frumvarpsins er eðlilegt að huga að því hlutverki sem Seðlabankanum er falið í ýmsum sérlögum. Þannig geyma sem dæmi lög um verðbréfavíðskipti, nr. 13/1996, ákvæði um heimild Seðlabankans til að setja sérstakar reglur um fyrsta söludag í útboði verðbréfa. Sú heimild er arfur liðins tíma, þegar yfirvöld töldu nauðsynlegt að geta stýrt því magni verðbréfa sem kom inn á markaðinn í einu. Þau rök eiga ekki við lengur, enda hefur stærð markaðarins margfaldast síðan ákvæðið kom upphaflega inn. Sambærilegt ákvæði þekkist ekki í löggjöf nágrannalandsanna. Einnig má benda á að í gildandi vaxtalögum er Seðlabankanum falið að setja reglur um verðtryggingu, m.a. lágmarkstíma og vísitöluviðmiðanir. Það er til þess fallið að draga óhlutdrægni bankans í efa að leggja á hann slíkar skyldur, auk þess sem slíkar takmarkanir á notkun verðtryggingar eru út takti við aukið frelsi á fjármálamarkaði. Nánar vísast um það atriði til umsagnar SBV til nefndarinnar um nýtt vaxtalagafrumvarp.

Virðingarfyllst,

Guðjón Rúnarsson,
framkvæmdastjóri